

# Risarnir eru vaknaðir: Indland og Kína

Þorvaldur Gylfason\*

## Ágrip

Hagvaxtarfræðin bregður birtu á vaxtarferla Indlands og Kína aftur í tímann. Löndin tvö eru gríðarstór, en þróunarstefna þeirra og þróunarferlar virðast eigi að síður lúta sömu lögmálum og gilda í öðrum smærri löndum. Þau ráð, sem duga annars staðar, duga einnig í Indlandi og Kína. Hagstjórn og stofnanir, sem ýta undir fjárfestingu, stöðugt verðlag, erlend viðskipti, menntun, heilbrigði, fjölbreytni, lýðræði og fjölskylduáætlanir örva einnig hagvöxt, því að þetta eru leiðir til þess að byggja upp ólíkar tegundir fjármagns til að knýja vöxtinn áfram til langs tíma litið. Indland hefur í flestum greinum vaxið hægar en Kína síðan 1960. Indlandi hefur ekki tekizt að draga úr fólksfjölgun, en Kínverjar hafa þverskallast við kröfum almennings um aukið lýðræði. Kína þarfnast lýðræðis ekki síður en Indland þarf að hægja á fólksfjölgun.

## I. Inngangur

Þessari ritgerð er ætlað að bera saman þróunarstefnu og þróunarferla risanna tveggja í Asíu, Indlands og Kína. Tvær meginleiðir eru færar að þessu marki. Önnur leiðin er að skoða hvort land fyrir sig lið fyrir lið og gefa sér það, að bæði séu löndin svo gríðarstór og svo einstök að allri gerð, að samanburður við önnur smærri lönd væri gagnslíttill og því tilgangslaus. Ýmsar gaumgæfilegar athuganir af þessu tagi hafa birst á prenti að undanfögnu (sjá t.d. Krueger, 2002, og Lardy, 2003), og einnig nokkrar samanburðarrannsóknir, þar sem reynslu landanna tveggja er lýst í grófum dráttum (sjá t.d. Ahya and Xie, 2004). Hin leiðin er að bera saman hagvöxt og viðgang Indlands og Kína í ljósi hagvaxtarfræðinnar líkt og tíðkast um tölfræðilegar samanburðarathuganir á öðrum smærri löndum. Hér er ætlanin að fara þessa síðar nefndu leið. Ritgerðinni er ætlað að reifa nokkur helztu atriði, sem greina Indland frá

---

\* Höfundurinn er prófessor í viðskipta- og hagfræðideild í Háskóla Íslands. Ritgerðin er reist á fyrirlestri höfundar á fundi fjármálaráðherra, ráðuneytisstjóra og seðlabankastjóra tólf Afríkulanda í Bridgetown í Barbados 17. september 2005 og birtist á ensku í *Challenge* í febrúar 2006. Dagfinnur Sveinbjörnsson stjórnsmálafræðingur, Halldór Guðmundsson ritstjóri og Ólafur Ísleifsson lektor gerðu margar góðar og gagnlegar athugasemdir við fyrri drög.

Kína í efnahagslegu tilliti, og einnig ýmis líkindi með löndunum tveim, og vega og meta afleiðingar þeirra fyrir hagþróun beggja landa til langs tíma lítið.

Um aldamótin 1400 var þjóðarframleiðsla á mann í Kína svipuð framleiðslu á mann í Evrópu (Maddison, 1991, 2001). Í *Auðlegð þjóðanna* (1776) rakti Adam Smith stöðnun og síðan hnignun Kína til einangrunarstefnu landsins og sjálfsþurftarbúskapar eftir 1433, og stóð sú skipan óbreytt til 1978, þegar Kínverjar stigu fyrstu skrefin í átt til blandaðs markaðsbúskapar. Skv. athugunum Maddisons (2001) var Kína ríkara en Indland 1820, en eftir það óx Indland hraðar en Kína, svo að framleiðsla á mann var orðin þriðjungi meiri á Indlandi en í Kína 1950. Síðan þá hefur Kína á hinn bóginn vaxið örar en Indland, en þó með ýmsum rykkjum og skrykkjum.

Framleiðsluferlar landanna tveggja frá 1960 til 2003 sjást á mynd 1. Þar sést, að verg landsframleiðsla (VLF) á mann í Kína, mæld í Bandaríkjadollurum á verðlagi ársins 2000, óx um 5,7% á ári að jafnaði á móti 2,5% hagvexti á Indlandi. Framleiðsla á mann ellefufaldaðist í Kína á þessu 43 ára tímabili, en þrefaldaðist á Indlandi á sama tíma. Indland var tvisvar sinnum ríkara en Kína 1969, en Kína var eigi að síður orðið tvisvar sinnum ríkara en Indland 2003 skv. staðtölum Alþjóðabankans (World Bank, 2005). Framleiðslutölur á kaupmáttarvirði, þar sem reynt er að taka tillit til ólíks verðlags í löndunum tveim, bregða upp svipaðri mynd af vaxtarferli þeirra, og það gera einnig ýmsir aðrir efnahagskvarðar og félagsvísar. Í Kína hefur meðalævin lengzt úr tæpum 40 árum í rösk 70 ár frá 1960 til 2004. Nýfæddur Kínverji 1960 gat m.ö.o. vænt þess að verða tæplega fertugur, en getur nú vænt þess að komast yfir sjötugt. Þannig hefur meðalævi Kínverja lengzt um níu mánuði á ári síðan 1960. Á Indlandi hefur meðalævin lengzt úr 45 árum 1960 í 63 ár 2004, eða um fjóra til fimm mánuði á ári að meðaltali þessi ár. Bæði löndin hafa því tekið ótvíræðum framförum, en þær hafa verið stórstígari í Kína. Aðrir þroskavísar segja svipaða sögu.

Áður en við hefjum leit að skýringum á þeim mikla hagvaxtarmun, sem birtist okkur á mynd 1, með því að bera saman þróun helztu gangráða hagvaxtarins í Indlandi og Kína, er rétt að halda því til haga, að löndin tvö deila þrátt fyrir allt ýmsum sameiginlegum einkennum, sem bregða birtu á vöxt þeirra á liðinni tíð. Í fyrsta lagi deila þau sameiginlegri arfleifð erlendrar íhlutunar og áþjánar, sem stuðluðu að því að undirbúa jarðveginn fyrir valdatöku kommúnista í Kína og sósíalista á Indlandi, en þó er sá reginmunur á löndunum tveim, að Indland hefur verið lýðræðisríki allar götur frá því landið hlaut sjálfstæði 1947, en Kína var og er einræðisríki. Í ópíumstríðunum tveim (1839-1843 og 1856-1860) neyddu Bretar

Kínverja til að opna Kína fyrir viðskiptum við útlönd, sumpart til að greiða fyrir útflutningi ópíums, sem Bretar framleiddu á Indlandi, til Kína í skiptum fyrir kínverskt te, sem Breta þyrsti í. Innrás Japana í Kína 1937 og síðan blóðugt borgarastríð og stjórnarbylting kommúnista 1949 slævðu áhuga kínverskra stjórnvalda á því að tengjast umheiminum traustari viðskiptaböndum. Reynolds Indverja af Austur-Indíafélaginu, sem réð lögum og lofum á Indlandi um langt skeið, áður en það „afhenti” brezku krúnunni landið til yfirráða 1857, lagði með líku lagi lamandi hönd á innflutning erlends framkvæmdafjár til Indlands og aukningu erlendra viðskipta. Þessar söguskýringar bregða birtu á það, hvers vegna frívæðing erlendra viðskipta í löndunum tveim lét svo lengi á sér standa. Í annan stað hófu Indland og Kína markaðsumbætur sínar við ákjósanleg skilyrði að því leyti, að hvorugt landið þurfti að bera þunga skuldabyrði frá fyrri tíð, en niðþung skuldabyrði hefur sligað mörg Afríkulönd og haldið aftur af hagvexti þar í álfu allar götur síðan þau urðu sjálfstæð. Hagvöxtur er auðveldari, þegar ávextir umbótanna haldast heima fyrir og renna ekki að hluta til útlanda til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum. Efnahagsumbæturnar hófust fyrr í Kína (1978) en á Indlandi (1991) og hafa því staðið tvisvar sinnum lengur í Kína en á Indlandi, og þær hafa auk þess verið hraðari í Kína og rist dýpra. Í þriðja lagi búa bæði löndin að langri strandlengju, sem hefur flýtt fyrir og auðveldað stórsókn í átt til aukinna viðskipta og samgangna við önnur lönd, eftir að bæði löndin opnuðu landamæri sín (sjá Sachs, 2005). Í fjórða lagi býr mikill fjöldi Indverja og Kínverja í útlöndum fjarri heimahögum og við mun betri kjör en flestum bjóðast heima fyrir, og margir þessara útflytjenda eru boðnir og búnir að hjálpa til að greiða fyrir umskiptunum heima á Indlandi og í Kína með því að leggja fram fé til fjárfestingar eða með því að flytja heim. Allir þessir þættir hafa lagzt á eitt um að örva hagvöxtinn á Indlandi og í Kína langt umfram það, sem ýmis önnur þróunarlönd eiga kost á, einkum Afríkulöndin.

## II. Fjárfesting, verðbólga, útflutningur og menntun

Hvaða stæðir ráða mestu um hagvöxt og þarfnast því skoðunar við mat á vexti og viðgangi Indlands og Kína á liðnum árum? Helztu gangráðar hagvaxtar um heiminn eru (a) sparnaður og fjárfesting til að byggja upp fjármagn til framleiðslunota; (b) menntun, heilbrigðisþjónusta og fjölskylduáætlanir til að byggja upp og bæta mannauðinn; (c) hagstjórn og stofnanir, sem stuðla að stöðugu verðlagi og nægilegri

fjárdýpt; (d) útflutningur og innflutningur á vörum, þjónustu og fjárskuldbindingum til að laða erlent fjármagn til framkvæmda; (e) efling lýðræðis og þokkalegs jafnaðar í tekju- og eignaskiptingu og ráðstafanir gegn spillingu til að efla og bæta félagsauðinn; og (f) aukin fjölbærni í atvinnulífinu til að draga úr vægi landbúnaðar og náttúruauðlindaútgerðar og skjóta fleiri og styrkari stoðum undir efnahagslífið.<sup>1</sup> Lítum nú á þessa gangráða hagvaxtarins á Indlandi og í Kína lið fyrir lið.

Mynd 2 sýnir þróun vergrar innlendrar fjárfestingar miðað við VLF frá 1960 til 2004. Myndin sýnir hæga aukningu á Indlandi, þar sem fjárfestingarhlutfallið hefur sveiflaxt milli 20% og 25% af VLF síðan 1980. Myndin sýnir einnig mun örari aukningu fjárfestingar miðað við VLF í Kína, þar sem fjárfesting hefur sveiflaxt milli 35% og 45% af VLF síðan 1978. Mikil fjárfesting hefur því haldizt í hendur við mikinn hagvöxt í Kína. Kínverjar þurfa að verja tvisvar sinnum hærra hlutfalli framleiðslu sinnar til fjárfestingar en Indverjar til að halda upp tvisvar sinnum meiri hagvexti. Ríkisbankarnir í Kína hafa þurft að taka á sig mun meiri útlánatöp en indverskir bankar, og staða kínversku bankanna er að því skapi veikari eða a.m.k. ótryggari, svo sem hætt er við í ríkisbönkum, sem láta stjórnmalasjónarmið stundum ráða útlánaákvörðunum sínum frekar en arðsemissjónarmið. Eigi að síður virðist Kína að ýmsu leyti bjóða upp á vinsamlegra viðskiptaumhverfi en Indland. Það tekur 41 dag í Kína að afla nauðsynlegra leyfa til að stofna fyrirtæki, en 89 daga á Indlandi. Verg erlend fjárfesting hefur einnig aukizt í báðum löndum. Á Indlandi jókst hún úr engu árin eftir 1990, enda var hún þá óleyfileg samkvæmt lögum, upp í næstum 1% af VLF 2003, og í Kína jókst hún upp í 5% af VLF 2004. Kínverjar hafa þannig laðað til sín miklu meira fjármagn erlendis frá en Indverjar, ekki sízt með samstarfsverkefnum erlendra og innlendra fyrirtækja.

Á mynd 3 sést, hvernig fjárvæðingu efnahagslífsins hefur undið fram í báðum löndum. Peningamagn í umferð ( $M_2$ ) hefur aukizt hægar miðað við VLF á Indlandi en í Kína, en þar var hlutfall peningamagns og landsframleiðslu 2003 hærra en nokkurs staðar annars staðar um heiminn nema í Hong Kong og Líbanon. Lítil verðbólga í Kína skýrir þennan mun að hluta; þar hækkaði verðvísitala VLF um 3% á ári að jafnaði frá 1961 til 2003 á móti nærri 8% árlegri verðbólgu á Indlandi. Peningamagn í

<sup>1</sup> Þessum þáttum og framlagi þeirra til hagvaxtar um heiminn er lýst t.d. í bók höfundar, *Principles of Economic Growth*, Oxford University Press, Oxford og New York, 1999. Inngangskafli bókarinnar er til í íslenzkri þýðingu undir heitinu „Að vaxa í sundur“; sjá ritgerðasafn höfundar, *Framtíðin er annað land*, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2001, 17. kafli.

umferð endurspeglar öðrum þræði fjárdýpt eða fjárþroska: sé ekki nægt fé í umferð til að smyrja hjól atvinnulífsins tilhlýðilega, byrjar hagkerfið að hökta eins og olíulaus vél. Markaðsvirði skráðra fyrirtækja í Kína jókst úr engu 1991 í næstum 50% af landsframleiðslu 2003. Talan fyrir Indland er svipuð, eða tæplega 50%.

Mynd 4 sýnir þróun útflutnings á vörum og þjónustu miðað við VLF frá 1960 til 2004. Útflutningur Indlands hefur aukizt úr 5% af VLF um og eftir 1960 í 15% 2004. Útflutningur frá Kína hefur á hinn bóginn vaxið úr enn lægra upphafsgildi upp í næstum 35% af VLF, og það er há tala í svo stóru landi, því að stór, þ.e. mannmörg, lönd þurfa yfirleitt minna á erlendum viðskiptum og fjárfestingu að halda en önnur smærri lönd.<sup>2</sup> Indverjar framleiddu næstum alla bílana sína sjálfir um langt árabíl í skjóli hárra tollvarnarmúra. Þetta er nú að breytast, en ekki eins hratt og í Kína, þar sem mörg erlend bílafyrirtæki hafa sett upp verksmiðjur til að framleiða bíla fyrir ört vaxandi heimamarkað, enda eru Kínverjar nú í óða önn að flytja sig af reiðhjólum yfir í bíla, og einnig til útflutnings. Skattheimta af erlendum viðskiptum nam 9% af tekjum ríkisins í Kína 2001 á móti 16% á Indlandi.

Mynd 5 sýnir, hversu læsi fullorðinna kvenna hefur aukizt í báðum löndum síðan 1960. Enn fáum við að sjá, að Kína hefur tekið stórstígari framförum en Indland: í Kína kunna nú 90% allra kvenna að lesa og skrifa á móti tæpum helmingi á Indlandi. Til samanburðar er læsi ungra kvenna – þ.e. læsi í aldurshópnum 15 til 24 ára – 99% í Kína á móti 65% á Indlandi. Kínverjar senda ennfremur næstum 70% unglunga í framhaldsskóla á móti 50% á Indlandi. Allt skiptir þetta máli fyrir hagvöxtinn, því að menntun bætir mannaflann og einnig af því að menntun er nauðsynleg til þess að verkafólk geti með góðu móti flutzt úr láglaunastörfum í landbúnaði í betur launuð störf í iðnaði, verzlun og þjónustu; þetta hangir saman. Árangursrík iðnvæðing er frumskilyrði örs hagvaxtar í þróunarlöndum. Kínverjar hafa raunar gert meira en Indverjar til þess að greiða fyrir nauðsynlegum fólksflutningum úr dreifbýli í þéttbýli. Hlutdeild landbúnaðar í VLF í Kína minnkaði úr 40% 1970 í 15% 2003. Búverkafólk hefur flykkzt til iðnaðarstarfa í borgum landsins, einkum á austurströndinni. Þessi ferill hefur verið hægari á Indlandi. Þar minnkaði hlutdeild landbúnaðar í VLF úr næstum helmingi á árunum eftir 1960 í röska fimmting 2003. Þjónustugeirinn á Indlandi hefur eflzt til muna, svo að hlutdeild hans í VLF hefur stóraukizt, en

<sup>2</sup> Þetta sjónarmið um öfugt samband milli stærðar landa og þarfa þeirra fyrir erlend viðskipti og fjárfestingu hefur þó trúlega minna vægi í fyrrverandi áætlunarbúskaparlöndum, eins og Kína var fram að 1978, en í markaðsbúskaparlöndum.

hlutdeild iðnaður í VLF hefur á hinn bóginn haldizt stöðug nálægt 15% frá því árin eftir 1960. Þetta þýðir að mannaflí Indlands hefur flutzt úr landbúnaði beint yfir í þjónustugeirann án viðkomu í iðnaði, svo sem algengast er annars staðar. Þetta virðist vera afleiðing þeirrar framsýnu stefnu, sem mörkuð var í menntamálum árin eftir sjálfstæðistökuna 1947, en þá ákvað indverska stjórnin að byggja upp fjölda tækniháskóla í fremstu röð á heimsvísu. Þessir skólar hafa verið mikilvæg uppspretta tæknimenntaðs vinnuafls handa hátæknifyrirtækjunum í Bangalor og einnig í Sílíkondal í Kaliforníu. Kína gerði ekkert slíkt, og það skýrir að hluta, hvers vegna Kínverjum lætur betur að framleiða vélbúnað en hugbúnað eins og Indverjar – þ.e. tölvurnar sjálfar frekar en forritin í þær. Við þetta er því að bæta að Indland var og er enn háðara náttúruauðlindum en Kína. Ræktarland á mann á Indlandi 1960 var nærri þrefalt meira en í Kína, svo að Kínverjar þurftu þeim mun frekar á því að halda að fara vel með takmarkaðar auðlindir sínar. Suður-Kórea og Taívan bjuggu að minna ræktarlandi en Kína, og borgríkin Hong Kong og Singapúr enn minna: hagvöxturinn í þessum löndum síðan 1960 hefur staðið í öfugu hlutfalli við flatarmál ræktarlands á mann. Borgir og borgríki eru jafnan hagkvæmari rekstrareiningar en dreifðar byggðir m.a. vegna þess að náttúruauðlindir geta reynzt vera blendin blessun.<sup>3</sup>

Stöldrúm nú við til að draga niðurstöðurnar saman. Kínverjar spara og fjárfesta meira en Indverjar, þeir laða til sín meira af erlendu fjármagni, þeir búa við minni verðbólgu og meiri fjárdýpt, þeir flytja meira út og inn af vörum og þjónustu, þeir kenna fleiri stúlkum að lesa og skrifa, þeir flytja mannafla sinn greiðar úr landbúnaði yfir í iðnað, verzlun og þjónustu og þeir eiga minna undir náttúruauðlindum. Það er því engin furða að hagvöxtur í Kína hafi verið meiri en á Indlandi að undanförunu og sé það enn, þótt Kínverjar búi ekki við lýðræði – og nú skulum við snúa okkur að því.

### III. Lýðræði, spilling, jöfnuður og frjósemi

Einn reginmunurinn á Indlandi og Kína er sá, að Indland er lýðræðisríki, og Kína er það ekki. Stendur lýðræði í vegi fyrir vexti?

Tvær höfuðkenningar eru uppi um sambandið milli lýðræðis og hagvaxtar. Í fyrsta lagi er hægt að líta á lýðræðisvæðingu sem fjárfestingu í félagsauði. Með félagsauði er hér átt við traustið, sem þegnar samfélagsins bera hver til annars, límið, sem heldur

<sup>3</sup> Sambandi náttúruauðlinda og hagvaxtar um heiminn er lýst nánar í „Náttúra, vald og vöxtur“ í ritgerðasafni höfundar *Viðskiptin efla alla dáð*, Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík, 1999, 28. kafli.

Þjóðfélaginu saman í sátt og friði og heldur hjólum atvinnulífsins gangandi líkt og vel smurðri vél og birtist í ýmsum innviðum samfélagsins og sjálfri samfélagsgerðinni. Hér er hugsunin sú, að lýðræði efli samheldni og þá um leið hagkvæmni og hagvöxt með því t.d. að tryggja vinnufrið í fyrirtækjunum og greiða fyrir friðsamlegum stjórnarskiptum, þannig að vondar ríkisstjórnir þurfi að víkja fyrir öðrum skárri í kjölfar frjálsra kosninga. Hér er þó ekki allt sem sýnist. Aukin samheldni innan tiltekinna hópa getur farið saman við aukinn fjandskap milli hópa. Hér er hugsanlega að finna skýringuna á því, hvers vegna þróun í lýðræðisátt hefur allvíða leyst úr læðingi aukna úlfúð milli ólíkra þjóðfélagshópa. Kosningabaráttu hefur sums staðar orðið að hálfgerðum vígvelli, þar sem ein vond ríkisstjórn þarf að víkja fyrir annarri enn verri (sjá Chua, 2003). Kosningarnar í Kongó 2006, hinar fyrstu í sögu landsins, má hafa til marks um þennan vanda.

Í annan stað er hægt að halda því fram, að lýðræði geti hamlað hagvexti með því að tefla stjórnámálum upp í hendur sjálfhverfra hagsmunahópa, sem misnota völd sín og áhrif á kostnað almennings m.a. til þess að sveigja hagstjórn og hagskipulag að eigin þörfum og óskum í blóra við almannahag. Þetta getur t.d. gerzt, ef þingmönnum er gert það skylt að greiða atkvæði um lagafrumvörp fyrir opnum tjöldum, svo að hagsmunahópunum er þá í lófa lagið að fylgjast gerla með þingmönnum og beita þá þrýstingi eða jafnvel hótunum. Sé svo, getur lýðræði hamlað hagvexti. Hvað sem öllu þessu líður, virðist hagvöxtur örva lýðræði (sjá Lipset, 1959). Af þessari stuttu lýsingu má ráða, að það er engin leið að gera upp á milli þessara tveggja kenninga um lýðræði og hagvöxt með fræðilegum bollaleggjum einum saman. Við þurfum að kalla hagtölur og reynslurök til vitnis. Það segir sig sjálf, að lýðræði er eins og önnur mannréttindi eftirsóknarvert í sjálfu sér óháð sambandi þess við hagvöxt.

Mynd 6 sýnir þverskurðarsambandið milli algengs mælikvarða á stjórnmalafrelsi og vaxtar þjóðarframleiðslu á milli frá 1965 til 1998. Frelsisvísitalan, sem sýnd er á láréttum ás, er meðaltal fyrir hvert land árin 1972-1990 og er sótt til Przeworskis o.fl. (2000). Vísitalan nær frá einum (óskorað frelsi) upp í sjö (lítið sem ekkert frelsi). Hagvaxtarstigið hefur verið lagað að upphafstekjum hvers lands með tilliti til þess, að í úrtakinu ægir saman ríku löndum og fátækum og fátæku löndin hafa að því leyttinu betri vaxtarskilyrði en ríku löndin, að hin fátækari eiga enn eftir að færa sér í nyt ýmis hagvaxtarfæri, sem ríku löndin hafa þegar nýtt sér með því t.d. að senda næstum alla unglunga í framhaldsskóla. Hagvaxtarbreytan á lóðréttu ásnúnum á myndinni lýsir þeim hluta hagvaxtarins, sem ekki er hægt að rekja til þróunarstigs hvers lands í upphafi,

þ.e. 1965.<sup>4</sup> Af löndunum 85 í úrtakinu eru tvö af hverjum þrem þróunarlönd, og hin eru iðnríki. Hvert land er auðkennt með einum punkti á myndinni, og hver punktur sýnir meðalgildi stærðanna tveggja á ásunum yfir allt tímabilið 1965-1998.

Aðfallslínan í gegnum punktaskarann á mynd 6 bendir til þess, að hækkun frelsisvístölunnar um tvö stig – þ.e. frá lýðræði í átt að einræðisskipulagi – haldist í hendur við samdrátt hagvaxtar um einn hundraðshluta frá einu landi til annars að jafnaði. Munstrið á myndinni er einnig marktækt í tölfræðilegum skilningi<sup>5</sup> og rímar vel við niðurstöður annarra athugana, þar sem hagvöxtur er rakinn saman við aðrar hagstærðir sem máli skipta, svo sem fjárfestingu, menntun, upphafstekjur o.fl. Mynd 6 samrýmist því vel þeirri skoðun, að lýðræði örvi hagvöxt og öfugt: þess sjást engin merki hér að lýðræði standi í vegi fyrir vexti.<sup>6</sup> Kína er útlagi á myndinni.

Stjórn málafrælsi örvar hagvöxt vegna þess, að kúgun leggur lamandi hönd á framtak, viðskipti og sköpunarmátt og ýtir með því móti undir óhagkvæmni. Óskorað frelsi á þennan mælikvarða þarf ekki að útheimta óheftan markaðsbúskap, heldur samrýmist það vel blönduðum markaðsbúskap eins og í Evrópu.

Líku máli gegnir um spillingu. Af löndunum tveim virðist Kína búa við minni spillingu: 27% stjórnenda fyrirtækja í Kína líta á spillingu sem alvarlega hindrun á móti 37% á Indlandi (World Bank, 2005). Spillingarvísitalan frá Transparency International bendir til sömu niðurstöðu. Vísitalan nær frá einum (útbreidd spilling) upp í tíu (engin spilling sem orð er á gerandi). Einkunn Indlands 2004 var 2,8 (eins og í Rússlandi), og einkunn Kína var 3,4 (eins og í Sádi-Arabíu). Þessi munur á spillingu á Indlandi og í Kína er ekki mikill að sjá og skiptir því varla miklu máli fyrir hagvaxtarmuninn á löndunum tveim, sjá mynd 1. Eigi að síður virðast reynslurök byggð á þverskurðargögnum benda til þess, að spilling standi í öfugu sambandi við hagvöxt um heiminn (sjá t.d. Mauro, 1995). Mynd 7 sýnir sambandið milli spillingarvísitölunnar árið 2000 og hagvaxtar á mann frá 1965 til 1998 á sama kvarða og áður, sjá mynd 6. Flest lönd þokast hægt upp eða niður eftir spillingarlistanum, svo að árið sem spillingarmælingin er gerð, skiptir sennilega ekki miklu máli hér; vísitalan er tiltölulega ný af nálinni, svo að meðaltöl yfir löng tímabil eru ekki tiltæk. Mynd 7

<sup>4</sup> Þetta er gert með því að reikna hagvöxt 1965-1998 sem fall upphafsstöðunni, þ.e. af tekjum á mann 1965, og náttúruauði sem hlutfalli þjóðarauðs og sýna á lóðrétta ásnúm á myndinni hagvöxt á mann fyrir hvert land að frádregnum áhrifum upphafsstöðunnar á vöxtinn.

<sup>5</sup> Raðfylgnin á mælikvarða Spearman's er -0,62.

<sup>6</sup> Przeworski o.fl. (2000) komust ekki að sömu niðurstöðu og hér er lýst, þeir fundu ekkert marktækt samband milli stjórn málafrælsis og hagvaxtar um heiminn.



rímar vel við þá skoðun að heiðarleiki hjálpi upp á hagvöxtinn, þar eð spilling grefur undan hagkvæmni og hagvexti. Hækkun spillingarvísitölunnar – þ.e. minni spilling – um fjögur stig frá einu landi til annars helzt í hendur við aukningu hagvaxtar á mann um einn hundraðshluta á ári að jafnaði. Raðfylgnin er 0,42. Mynd 7 bendir til þess að bæði Indland og Kína gætu vaxið hraðar, ef þeim tækist að draga úr spillingu.

Indland býr við jafnari tekjuskiptingu en Kína, þótt undarlegt megi virðast. Ginistuðullinn er algengasti mælikvarðinn á ójöfnuð í skiptingu tekna eða neyzlu. Stuðullinn mælir frávik tekjuskiptingar frá fullkomnum jöfnuði og er kenndur við Corrado Gini (1884-1965), ítalskan félagsvísindamann og tölfræðing. Stuðulgildið 0 lýsir algerum jöfnuði, svo að þjóðartekjunum er þá jafnt skipt á milli allra þegna þjóðfélagsins. Stuðulgildið 100 lýsir á hinn bóginn algerum ójöfnuði, svo að öll þjóðarframleiðslan fellur þá einum þegn í skaut. Ginistuðlar heimsins spanna breitt bil, frá ríflega 20 upp í rösklega 60. Ginistuðullinn á Indlandi er 33 og svarar til þess, að sá fimmtungur mannfjöldans sem hefur mestar tekjur, hafi rösklega fjórum sinnum meiri tekjur en sá fimmtungur mannfjöldans, sem hefur minnstar tekjur. Ginistuðullinn í Kína er 45 og samsvarar um tólföldum mun á fimmtungunum tveim. Mynd 8 sýnir þverskurðarsambandið milli Ginistuðulsins og hagvaxtar á mann eins og hann var mældur á myndum 6 og 7. Ginitölurnar vísa til ýmissa ára eftir föngum. Myndin bendir til þess að jöfnuður glæði hagvöxt og öfugt: þess sjást a.m.k. engin merki í þessum gögnum, að jöfnuður hamli hagvexti. Raðfylgnin er -0,50. Halli aðfallslínunnar í gegnum punktaskarann á myndinni bendir til þess, að aukning Ginivísitölunnar frá einu landi til annars um 12 stig, sem er munurinn á Indlandi og Kína, haldist í hendur við samdrátt í hagvexti um einn hundraðshluta á ári. Kína er útlagi eins og á myndum 6 og 7.

Þegar öllu er til skila haldið, virðist mismikil fjárfesting í félagsauði því ekki valda miklu um hagvaxtarmuninn á Indlandi og Kína. Þvert á móti virðist munstrið, sem blasir við á myndum 6 og 8, benda til þess, að lýðræði á Indlandi og jöfnuður í tekjuskiptingu þar ætti að sveigja hagvaxtarmuninn Indlandi í hag, ef eitthvað er. Hér er þó að ýmsu öðru að hyggja. Indland er suðupottur ólíkra kynþátta og trúarhópa langt umfram Kína, svo að óeirðir hafa verið tíðari á Indlandi en í Kína. Á hinn bóginn er hægt að halda því fram að öll ókyrrð sé bæld niður og kraumi undir oki kommúnistastjórnarinnar í Kína, en fáí að leika lausum hala á Indlandi í skjóli lýðræðis. Þess vegna þurfum við að leita annars staðar að skýringunni á muninum á hagvexti Indlands og Kína. Þetta leiðir röksemdafærsluna aftur að mannauði.

Til að hafa hemil á fólksfjölgun, sem er jafnan mikil í fátækum löndum vegna þess að mörg börn á heimili eru þar víða talin vera eins konar ígildi almannatrygginga, mörkuðu Kínverjar þá stefnu 1980 að eitt barn skyldi vera látið duga á hverju kínversku heimili. Þessari stefnu var framfylgt með öfugum barnabótum, þ.e. með því að leggja stighækkandi barnaskatt á fjölskyldur með tvö eða fleiri börn. Stefnunni var að vísu breytt nokkrum árum síðar á þá lund að hjónum var leyft að eignast tvö börn að því tilskildu, að fyrsta barnið væri stúlka. Nú eru Kínverjar taldir vera 300 milljónum færri en þeir hefðu verið ella, og þetta örvar að sínu leyti hagvöxtinn – þ.e. vöxt landsframleiðslu á mann – vegna þess að hægari fólksfjölgun þýðir færri börn að mennta og metta. Þetta þýðir að hvert barn fær betri þjónustu heima fyrir en ella: meiri og betri mat, skjólbetri flíkur, meiri og betri menntun og heilbrigðisþjónustu og annað, sem til þess þarf að geta haslað sér völl á vinnumarkaði utan landbúnaðar. Af þessari ástæðu er minni frjósemi, mæld með fjölda lifandi barna fæddra hverri móður að meðaltali, mikilvægur hluti nauðsynlegrar fjárfestingar í mannauði. Frjósemi hefur haldizt stöðug í tveim börnum eða færri á hverja konu í Kína síðan skömmu eftir 1990 borið saman við 7½ fæðingu árin eftir 1960. Barnsfæðingum hefur fækkað hæggar á Indlandi: þar hefur frjósemin minnkað úr 6½ fæðingu á hverja konu árin eftir 1960 niður í tæplega þrjár fæðingar 2004. Mannfjöldi Indlands er talinn munu fara fram úr fólksfjöldanum í Kína 2025.

Barnadauði hefur minnkað mjög í báðum löndum síðan 1960, en þá dóu 15% allra barna í fæðingu í báðum löndum. Barnadauðinn hefur dregizt meira saman í Kína, þar sem 3% barna dóu í fæðingu 2004 á móti 6% á Indlandi. Meiri og betri heilsugæzla og menntun hafa stuðlað að minni barnadauða í báðum löndum og um allan heim og með því móti hjálpað til þess að efla og bæta mannauðinn. Minni barnadauði helzt jafnan í hendur við hægari fólksfjölgun og stendur því ekki í vegi fyrir örari hagvexti, öðru nær. Það er eftirtektarvert að heilbrigðisþjónustan í Kína byrjaði að batna löngu áður en efnahagsumbæturnar hófust 1978, þrátt fyrir allt umrótið og upplausnina í Stóra stökkinu (1958-1961) og menningarbyltingunni (1966-1976). Árin eftir 1980 var barnadauðinn kominn niður í 5% í Kína. Svo er m.a. fyrir að þakka berfættu læknum sem ríkisstjórnin sendi út um landið til að hjálpa til við barnsfæðingar og gera einfaldar aðgerðir. Á móti þessu kemur það að heilbrigðisþjónustunni í Kína virðist hafa hrakað sums staðar um landið í kjölfar efnahagsumbótanna eftir 1978, einkum til sveita, enda þótt meðaltöl helztu heilbrigðis- og félagsvísa fyrir landið allt nái ekki að lýsa þeirri afturför. Með líku lagi þarf að gæta vel að því að Indland er enn

margbrotnara land en jafnvel Kína; sum ríki Indlands, t.d. Kerala, hafa náð enn betri árangri en Kína í ýmsum greinum heilbrigðis- og menntunarmála, og það án valdboðs frá miðstjórninni í Nýju Delí, enda þótt þessi munur komi ekki fram í landsmeðaltölum eins og þeim sem hafa borið uppi röksemdafærsluna hér að framan.

#### IV. Að endingu


Hagvaxtarfræðin bregður skýru ljósi á vaxtarferla Indlands og Kína undangengna áratugi. Löndin tvö eru gríðarstór, en þróunarstefna þeirra og þróunarferlar virðast eigi að síður lúta sömu lögmálum og gilda í öðrum smærri löndum. Þau ráð, sem duga annars staðar, duga einnig Indlandi og Kína. Af þessu má ráða einfalda lexíu: hagstjórn og stofnanir, sem ýta undir fjárfestingu, stöðugt verðlag, erlend viðskipti, menntun, heilbrigði, fjölbreytni, lýðræði og fjölskylduáætlanir örva einnig hagvöxt, því að þetta eru leiðir til þess að byggja upp ólíkar tegundir fjármagns til að knýja vöxtinn áfram til langs tíma litið. Meginmunur er þó á vexti Indlands og Kína. Í fyrsta lagi hefur Indland í flestum greinum vaxið hægar en Kína. Í annan stað hefur Indlandi mistekizt að draga úr fólksfjölgun, en Kínverjar hafa þverskallast við kröfum almennings um aukið lýðræði. Þótt undarlegt megi virðast, eru hagvaxtarhorfur Indlands bjartar, af því að það er e.t.v. tiltölulega auðvelt að hafa hemil á fólksfjölgun með fortölum og eflingu almannatrygginga. Frekari samdráttur í fólksfjölgun er þess vegna kannski innan seilingar einnig þar. Kínverjum tókst þetta, en að vísu með valdboði miðstjórnarinnar í Beijing, og það mun Indverjum þykja varasamt fordæmi. Það er hins vegar erfitt og tímafrekt að koma á lýðræðislegum stjórnarháttum eins og dæmi Suður-Kóreu og Taívans sanna, því að þá þarf að kveða niður rótgróna andstöðu einræðisafla gegn lýðræði á stjórnmalavettvangi. Þess vegna virðast framtíðarhorfur Kína ótryggari en horfur Indlands. Kína þarfnast lýðræðis ekki síður en Indland þarf að hægja á fólksfjölgun. Hagvextinum hefur verið misskipt í báðum löndum: hann hefur verið mestur í borgunum og minnstur til sveita. Bæði löndin þurfa að bregðast við þessari misskiptingu. Þau þurfa einnig að takast á við gríðarlegan uppsafnaðan vanda í umhverfismálum, sem getur reynzt erfiður viðfangs í svo fjölmennum og þéttbýlum löndum. Mengunarvandinn stafar öðrum þræði af verðlagningu eldsneytis, sem hefur hvatt til of mikillar orkunotkunar í atvinnurekstri heima fyrir. Við þetta bætist nú vegna uppgangsins í báðum löndum mikil aukning olíunotkunar, sem eykur enn á mengunarvandann og hefur þrýst heimsmarkaðsverði á olíu upp á við að

undanförnu. Mengun umhverfisins og nauðsynlegar mengunarvarnir leggja kostnað á fólk og fyrirtæki og geta hamlað hagvexti Indlands og Kína til langs tíma litið, ef menn gæta ekki að sér í tæka tíð.


### Tilvísanir

- Ahya, Chetan, og Andy Xie (2004), „New Tigers of Asia: India and China: A Special Economic Analysis”, Morgan Stanley, júlí.
- Chua, Amy (2003), *World on Fire: How Exporting Free Market Democracy Breeds Ethnic Hatred and Global Instability*, Doubleday, New York.
- Krueger, Anne O. (ritstj.) (2002), *Economic Policy Reforms and the Indian Economy*, Oxford University Press, Oxford.
- Lardy, Nicholas R. (2003), *Integrating China into the Global Economy*, Brookings Institution Press, Washington, D.C.
- Lipset, Seymour M. (1959), „Some Social Requisites of Democracy: Economic Development and Political Legitimacy”, *American Political Science Review* 53, 69-105.
- Maddison, Angus (1991), *Dynamic Forces in Capitalist Development*, Oxford University Press, Oxford og New York.
- Maddison, Angus (2001), *The World Economy: A Millennial Perspective*, OECD, París.
- Mauro, Paolo (1995), „Corruption and Growth”, *Quarterly Journal of Economics* 110, ágúst, 681-712.
- Przeworski, Adam, Michael E. Alvarez, José Antonio Cheibub og Fernando Limongi (2000), *Democracy and Development: Political Institutions and Well-Being in the World, 1950-1990*, Cambridge University Press, Cambridge.
- Sachs, Jeffrey D. (2005), *The End of Poverty: Economic Possibilities for Our Time*, The Penguin Press, New York.
- Smith, Adam (1976), *An Inquiry Into the Nature and Causes of the Wealth of Nations*, Liberty Classics, Indianapolis.
- World Bank (2005), *World Development Indicators*, Washington, D.C.


Mynd 1. VLF á mann  
(Bandaríkjadollarar á verðlagi 2000)




Mynd 2. Fjárfesting  
(% af VLF)




Mynd 3. Fjárdýpt  
(Peningamagn sem % af VLF)




Mynd 4. Útflutningur  
(% af VLF)




Mynd 5. Læsi kvenna  
(% af fjölda fullorðinna)



Mynd 6. Stjórn mála frelsi og hagvöxtur  
(85 lönd)



Mynd 7. Spilling og hagvöxtur  
(55 lönd)



Mynd 8. Ójöfnuður og hagvöxtur  
(75 lönd)

